

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

4. september 2025
UOS2501514/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. júní 2025 – ID 43

Þann 11. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélags Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram og engar ábendingar voru settar fram við eftirlit.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal draga úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þ.m.t. vegna sigvatns. Þörf er á umbótum á hreinsivirki og handan þess og í frárennsli þannig að vatn renni greiðar frá virkinu. Farvegur vatnsins skal bættur þannig að ekki myndast aðstæður sem geta heft virkni hreinsivirkisins t.d. með áhrifum á frárennsli eða að óæskileg uppbygging vatns við það eigi sér stað. Smávegis af úrgangi var einnig til staðar umhverfis hreinsivirkið sem þarf að hreinsa til.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. september 2025.

Virðingarfyllt,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur - teymi eftirlits

Sigríður Kristindóttir
teymisstjóri – teymi eftirlits